



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Mánudaginn 30. apríl 2018 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Ársreikningur 2017

a. Álit skoðunarmanna

Fyrir fundinum lá skýrsla skoðunarmanna dags. 27. apríl 2018, þar sem þeir gera grein fyrir athugun sinni á bókhaldi sveitarfélagsins.

Skýrslan var til kynningar.

b. Endurskoðunarskýrsla

Fyrir fundinum endurskoðunarskýrsla Davíðs Búa Halldórssonar endurkoðanda hjá Enor dags. 30. apríl 2018. Endurskoðunarskýrslan var til kynningar.

c. Ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana 2017(seinni umræða):

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana sem var til fyrri umfjöllunar 18. apríl 2018. Í ársreikningi kemur fram að rekstrartekjur samstæðunnar voru 577,8 m.kr. en voru 559 m.kr. árið 2016 og hafa hækkað um 3,4% milli ára. Rekstrargjöld samstæðu námu 563,2 m.kr. en voru 551,2 m.kr. 2016 og höfðu aukist um tæp 2,2% milli ára. Rekstrarniðurstaða var jákvæð á árinu um 27,6 m.kr. í samanburði við 22,7 m.kr. jákvæða afkomu árið 2016.

Rekstrarniðurstaða samstæðunnar reyndist 23,6 m.kr. betri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Tekjur A-hluta voru 497,4 m.kr. og rekstargjöld án afskrifta námu 495,5 m.kr. Rekstur A hluta fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld var því jákvæður um 1,9 m.kr.

Rekstrarniðurstaða A-hluta að teknu tilliti til fjármunatekna og afskrifta var jákvæð um 7,9 m.kr.

Heildareignir sveitarfélagsins námu í árslok 1.742 m.kr. og eigið fé voru 1.274 m.kr.

Langtímaskuldir sveitarfélagsins námu 246,7 m.kr. og tilheyra þær eingöngu félagslegum íbúðum. Veltufjárhlutfall samstæðunnar var 12,77 en var 14,59 í árslok 2016.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi var veltufé frá rekstri samstæðunnar 85,4 m.kr. og handbært fé frá rekstri nam 75,6 m.kr. Engin ný lán voru tekin á árinu. Handbært fé samstæðunnar nam 457,9 m.kr. í árslok auk 192,1 m.kr. skammtímaverðbréfaeignar en handbært fé var 539,8 m. kr. í árslok 2016 og þá nam skammtímaverðbréfaeign 124,5 m.kr. Fjárfestingar í varnlegum rekstrarfjármunum námu 73,8 m.kr. hjá samstæðu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn og samþykkti hann og áritaði að lokinni umræðu.



2. Samstarfssamningur Rannsóknarseturs HÍ og sv.fél. Skagastrandar

Fyrir fundinum lágu drög að samstarfssamningi milli rannsóknarsetursins og sveitarfélagsins. Í honum er fjallað um markmið samstarfsins og að árlegt framlag sveitarfélagsins til setursins verði 500 þús. kr.

Sveitarstjórn ræddi samninginn og samþykkti hann.

3. Bréf:

a. Minjastofnunar Íslands, dags. 9. apríl 2018

Með bréfinu er tilkynnt um styrkúthlutun 2018 vegna Litla Fells þar sem samþykkt er að veita styrk að upphæð 900 þús. til verkþáttarins: Uppmæling, áætlanagerð og undirbúningur endurbóta. Meðfylgjandi bréfinu var minnisblað sveitarstjóra dags. 18. október 2017 þar sem gerð er grein fyrir stöðu hússins og gert gróft mat á ástandi.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi gögn og samþykkti að nýta styrkinn til frumrannsókna á húsinu.

b. Hróksins, dags. 12. apríl 2018

Með bréfinu er greint frá því hvernig Hrókurinn muni fagna 20 ára afmæli sínu og óskað eftir að sveitarfélagið gerist bakhjarl með fjárframlagi. Jafnframt er greint frá því að fulltrúar Hróksins muni heimsækja sveitafélög landsins. Meðfylgjandi bréfinu voru umsagnir framkvæmdastjóra: Rauða krossins, UNICEF og Hjálparstarfs kirkjunnar.

Sveitarstjórn samþykkti að verða silfurbakhjarl og greiða 75 þús. kr.

c. Nes listamiðstöðvar, dags. 5. mars 2018

Fyrir fundinum lá erindi Vicki O'Shea stjórnanda Nes listamiðstöðvar þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið styðji við dvöl Guðjóns Bragasonar arkitekts í listamiðstöðinni gegn því að hann skili hugmyndum og tillögum að nýtingu Fjörubrautar 6 og 8. Verkefnið verði unnið í tilefni 10 ára afmælis Nes listamiðstöðvarinnar.

Meðfylgjandi erindinu var minnisblað Hrafnhildar Sigurðardóttur um verkefnið.

Sveitarstjórn ræddi erindið og samþykkti 150 þús. kr. styrk til þess.

4. Fundargerðir

a. Stjórnar Félags og skólaþjónustu A-Hún, 18.04.2018

Fundargerðin var til kynningar.

b. Skólanefndar FNV, 20.03.2018

Fundargerðin var til kynningar.

c. Stjórnar SSNV, 6.04.2018

Fundargerðin var til kynningar.

d. Stjórnar SSNV, 18.04.2018



Fundargerðin var til kynningar.

5. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 8.30

Adolf H. Berndsen

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson